



Greinargerð með tillögu að starfsleyfi

Vopnafjarðarhreppur – urðunarstaður Búðaröxl

Grein 1.2

Magnheimild og úrgangsflokkar eru í samræmi við starfsleyfisumsókn og mat á umhverfisáhrifum. Gerð er krafa um að rekstraraðili haldi sig innan við 10 tonn á sólarhring til að falla í 2. eftirlitsflokk, í stað 1. flokks.

Þar sem umsækjandi sótti um undanþágur vegna afskekkrar byggðar, og lagði fram viðeigandi rökstuðning, þá er einungis veitt heimild til að urða úrgang frá þeirri afskekktu byggð sem umsóknin fjallaði um, þ.e. Vopnafjarðarhrepp og Langanesbyggð. Rökstuðningur vegna Langanesbyggðar barst sem viðbót við starfsleyfisumsókn 15. júlí 2015.

Heimild til geymslu brotamálms er í samræmi við viðbót við starfsleyfisumsókn, dags. 3. júní 2015.

Grein 3.1

Í mati á umhverfisáhrifum er fjallað um hættuna á foki úrgangs þar sem urðunarstaðurinn er nálægt byggð. Vegna þessa er gerð krafa um að tekið verði tillit til vindafars við urðun.

Grein 3.2

Í mati á umhverfisáhrifum kemur fram mikilvægi þess að draga úr streymi vatns í gegnum urðunarstaðinn. Þess vegna er gerð krafa um fráveituskurði sem safna vatni ofan við staðinn og leiða það framhjá honum. Til að tryggja sem besta fráveitu eiga skurðbotnar að ná niður á berggrunn.

Með viðbót við starfsleyfisumsókn, dags. 3. júní 2015, sótti umsækjandi um undanþágur frá ákvæðum reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs er varða verndun jarðvegs og vatns, sbr. g-lið 26. gr. reglugerðarinnar.

Grein 3.3

Með viðbót við starfsleyfisumsókn, dags. 3. júní 2015, sótti umsækjandi um undanþágur frá ákvæðum reglugerðar um urðun úrgangs er varða verndun jarðvegs og vatns, sbr. g-lið 26. gr. reglugerðarinnar. Því er ekki gerð krafa um söfnun sigvatns með hefðbundnu drenkerfi í botni reina, heldur er skurði neðan við staðinn ætlað að safna því sem næst öllu því vatni sem rennur um staðinn. Í mati á umhverfisáhrifum kemur fram að skurðurinn verði neðan Norðausturvegar en Umhverfisstofnun telur mikilvægt að ná vatninu sem fyrst og því er gerð krafa um að skurðurinn verði ofan vegarins. Það má einnig ætla að vegurinn geti haft áhrif á rennislísið vatnsins. Gerð er krafa um að botn þessa skurðar nái niður á berggrunn til að tryggja betri söfnun. Eftirlitsmælingar á síðan að gera á því vatni sem safnast í þennan skurð, eftir hreinsun en áður en það rennur í Skógalón. Í greininni er einnig gerð krafa um sýnatökubrunn ofan hreinsivirkis en ekki er gerð krafa um reglubundnar mælingar þar. Ástæðan fyrir þessum brunni er sú að nauðsynlegt getur reynst að taka þar sýni til mælinga ef kanna þarf virkni hreinsivirkis.

Skógalón er viðkvæmur viðtaki og er á náttúruminjaskrá. Því telst lónið ekki þynningarsvæði og ber að tryggja að mengunar verði þar ekki vart.

Grein 5.2

Í mati á umhverfisáhrifum koma fram áhyggjur af efnamengun frá urðunarstaðnum í Skógalóni og er fjallað um mikilvægi þess að fylgjast með mögulegri mengun.



UMHVERFISSTOFNUN

Yfirborðsvatn í drenskurði neðan við urðunarstaðinn (blanda grunnvatns, úrkomu og sigvatns) á að mæla árlega. Mæliþættir eru hefðbundnir fyrir sigvatn. Mæla á rennslið mánaðarlega.

Stöðu grunnvatns á að mæla tvisvar á ári og samsetningu grunnvatns annað hvert ár. Mæliþættir eru hefðbundnir fyrir grunnvatn. Undanþága frá ákvæðum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu er veitt í grein 3.2 en samt sem áður er ekki talin þörf á fleiri mælingum á samsetningu grunnvatns þar sem staðurinn er fremur lítill.

Fylgjast á með áhrifum í viðtaka, þ.e. í Skógalóni, með mælingum einu sinni á ári. Skógalón er á náttúruminjaskrá. Mæliþættir eru hefðbundnir fyrir yfirborðsvatn. Gerð er krafa um mælingu við staðinn þar sem sigvatn/yfirborðsvatn rennur í lónið og samanburðarmælingu u.þ.b. 200 m ofan við þann stað (til suðvesturs).

Grein 5.3

Ákvæðin miðast við að mengunar gæti ekki í Skógalóni, miðað við samsetningu vatns í samanburðarsýni ofar í lóninu.

Grein 5.5

Skila þarf útstreymisbókhaldi þar sem heildarafkastageta er yfir 25.000 tonn, þ.e. a.m.k. 30.000 tonn samkvæmt starfsleyfisumsókn.

Grein 7

Gildistími er ákveðinn 16 ár frá útgáfudegi, í samræmi við starfsleyfisumsókn og almennt viðmið Umhverfisstofnunar, en þó með þeim fyrirvara að Vopnafjarðarhreppur ljúki við gerð deiliskipulags fyrir urðunarstaðinn áður en starfsleyfið verður gefið út. Ef deiliskipulag liggur ekki fyrir við útgáfu starfsleyfisins hefur Umhverfisstofnun einungis heimild til að veita starfsleyfi til fjögurra ára, sbr. 1. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.